

Samtaka um framtíðarlausnir

Formennska Danmerkur 2020
Viðauki



Norræna
ráðherranefndin

Framtíðarsýn verður að veruleika – framtíðarorkulausnir á afskekktum svæðum

Framtíðarsýn norræns samstarfs er sú að Norðurlönd eigi að verða samþættasta og sjálfbærasta svæði heims. Eigi það að takast er mikilvægt að vinna að grænum umskiptum alls staðar á Norðurlöndum. Norræni raforkumarkaðurinn hefur skipt sköpum fyrir innleiðingu endurnýjanlegra orkugjafa í raforkukerfinu. Formennskulandið Danmörk mun á sama hátt gera græn umskipti á svæðum sem liggja utan við norrænan raforkumarkað að styrkleikastöðu.

Í fyrsta lagi á verkefnið að safna saman reynslu í norrænu samstarfsneti eysamfélaga á vegum Norrænna orkurannsóknna (NEF) þar sem haldið verður áfram því starfi sem nú fer fram. Græn umskipti á eyjum er mikilvægt málefni um allan heim til þess að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins og heimsmarkmiðunum 7, 11, 12, 13 og 17. Því verður samstarfsnetið teyggt út í heim og boðið upp á norrænar lausnir fyrir smásamfélög, meðal annars með því að miðla hugmyndum og árangri verkefnisins. Stefnt er að því að samstarfsnetið starfi áfram á vegum Norrænna orkurannsókna eftir að verkefninu lýkur.

Í öðru lagi á verkefnið að finna og bregðast við áskorunum sem tengjast settum markmiðum eyjanna, einkum með tilliti til þess að raforkukerfin eru oft of lítil til að skapa sveigjanleika á orkumarkaði. Rannsóknarverkefni á að þróa hagkvæm reikningslíkön fyrir sveigjanleika í litlum raforkukerfum.

Í þriðja lagi á verkefnið að prófa reikningslíkön fyrrnefndrar rannsóknar í tveimur stórum sýniverkefnum. Annað á að fjalla um sveigjanleika í samgöngum með notkun rafknúinna farartækja, einkum rafbíla en einnig rafknúinna báta og skipa. Hitt á að fjalla um hitaveitumál og hvernig varmadælum er stjórnað eða hita safnað saman gegnum miðlæga varmadælu.

Formennskuverkefnið á að safna norrænum eysamfélögum og öðrum afskekktum svæðum saman í öflugt nýtt samstarfsnet sem á að fjalla um áskoranir vegna grænna umskipta og skapa nýjar norrænar styrkleikastöður.

VERKEFNIÐ Á EINKUM AÐ FRAMFYLGJA HEIMSMARKMIÐUNUM



Sjálfbær þróun strandsamfélaga á Norðurlöndum

Verkefnið fjallar um sjálfbæra þróun norrænna strandsamfélaga til frambúðar. Það hefur löngum verið hlutskipti norrænna strandsamfélaga að eiga allt undir auðlindum hafsins. Nú er öldin önnur eftir að breytingar hafa orðið á efnahagslegum, pólitískum og félagsmenningarlegum aðstæðum strandsamfélaganna.

Hvernig tryggjum við að börn og ungmenni í strandsamfélögum sjái fyrir sér framtíð í sinni heimabyggð? Fámenn og afskekkt strandsamfélög standa iðulega frammi fyrir alls konar lýðfræðilegum áskorunum þegar íbúarnir eldast en unga fólkið flyst á mölina. Ef við viljum viðhalda góðri samheldni á Norðurlöndum þar sem strandsamfélögin verða ekki út undan verðum við að tryggja sjálfbæra þróun til frambúðar.

Með heildrænni nálgun og norrænu samstarfi er verkefninu ætlað að hafa varanleg áhrif á stjórnun auðlinda hafsins, hvernig við hámörkum arðsemi fiskveiða og tryggjum öruggt uppvaxtar- og starfsumhverfi.

Við viljum efla sjálfstraust unga fólksins og trú þess á getu sína til að sjá sér farborða og leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Við viljum að unga fólkinu finnist það tengjast hafinu og fái áhuga á því sviði á þann hátt sem er sjálfbær fyrir hafið og auðlindir þess.

Þrjú undirverkefni eiga að stuðla að þessu:

1. Sjálfbær nýting fiskauðlinda í norrænum strandsamfélögum (NorSustain)

Nokkrar norrænar hafrannsóknastofnanir munu vinna saman að verkefninu í því skyni að tryggja sjálfbæra og trausta auðlindastjórnun í sjávarútvegi. Norrænt samstarfsnet vísindamanna mun tryggja áframhaldandi vettvang í framtíðinni fyrir áætlanagerð um þjóðhagsvænar rannsóknir sem mæta þörfum Norðurlandanna.

2. Sjálfbærar verðmætakeðjur í norrænum strandsamfélögum (NorValue)

Markmiðið með verkefninu er að uppfæra og tryggja til framtíðar sameiginlega reynslu og þekkingu um mikilvægi auðlinda hafsins fyrir verðmætasköpun og sjálfbæra þróun strandsamfélaga á Norðurlöndum í dag.

3. Siglingaöryggi (NorSafe)

Markmiðið er að fækka banaslysum og öðrum sjóslysum á Norðurlöndum með kennslu í grundvallaratriðum siglingafræða í norrænum grunnskólum fyrir nemendur þrettán ára og eldri. Kennslan fer fram gegnum námsgátt og með praktískum æfingum.

VERKEFNIÐ Á EINKUM AÐ FRAMFYLGJA HEIMSMARKMIÐUNUM



Norræn ungmenni í sjálfbæru félagsstarfi

Öll Norðurlöndin hafa skuldbundið sig til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030. Sjálfbær þróun er undir því komin að hægt sé að virkja unga fólkið. Norðurlönd bera sameiginlega ábyrgð á því að veita ungu fólki ramma, færni og tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku sem skapar skapa fólki góð og sjálfbær lífskjör.

Norðurlönd eiga margt sameiginlegt. Það á einnig við um ungmenni á Norðurlöndum sem bera mikið traust til opinberra kerfisins, reiða sig á mikla velferð og jafnrétti, njóta góðs af háu menntunarstigi og láta alþjóðamál sig varða meira en þjóðmál heima fyrir. Á sama tíma þjást æ fleiri ungmenni, einkum ungar konur, af vanlíðan. Ungu fólkið getur átt erfitt með svefn, skort sjálfstraust og trú á eigin getu, einangrað sig, sýnt sjálfskaðandi hegðun, skrúpað úr skóla eða orðið fyrir einelti og smánun í netheimum. Æ fleiri ungmenni á Norðurlöndum eiga á hættu að lenda í einsemd og verða út undan. Við þurfum að átta okkur á því hvers vegna æ fleiri ungmennum líður illa. Við verðum að snúa þessari þróun við ef við ætlum að skapa sjálfbær samfélög án aðgreiningar.

Meginmarkmiðið verður að virkja ungar konur og karla á Norðurlöndum í félagsstarf sem kyndir undir lýðræðislega borgaravitund, menningarþátttöku og andlega vellíðan þeirra. Í því felst að auka þekkingu og færni fagfólks sem vinnur með ungu fólki en einnig að skapa svigrúm innan veggja skólans og utan til að efla sjálfbært félagsstarf ungs fólks. Verkefninu er einnig ætlað að rjúfa einangrun ungs fólks og bæta andlega líðan þess með því að efla félagslíf milli Norðurlandanna og efla þverfaglegt samstarf milli heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Verkefnið viðurkennir að ungmennin eru lykilaðilar í breytingum og sjálfbærri þróun og að aðkoma æskulýðssamtaka og öflug samskipti unga fólksins eru grundvallarforsendur verkefnisins. Einnig er fjallað um inngildingu ungmenna sem eru ekki von að taka þátt í félagslífi.

Sjálfbært félagsstarf ungmenna á Norðurlöndum fylgir eftirfarandi slóð:

1. Samnorræn viðurkenning á námsgögnum og aðferðum til að styðja og styrkja lýðræðislega þátttöku nemenda og tilraunaverkefni þar sem norrænum námsstofnunum er boðið upp á færniþróun fagfólks.
2. Norrænt samtal ungmenna á fundum unga fólksins eða svipuðum viðburðum sem ungmennin skipuleggja sjálf til að skapa svigrúm fyrir lýðræðislegt samtal og efla lýðræðislega borgaravitund og menningarþátttöku unga fólksins.
3. Samnorrænt samstarf um að fyrirbyggja andlega vanlíðan ungra kvenna og karla á Norðurlöndum, þar sem annars vegar er fjallað um rót vandans og hins vegar um samfelld félags- og heilbrigðisúrræði fyrir börn og ungmenni sem þjást af andlegri vanlíðan.

Verkefnið tengist aðallega framfylgni heimsmarkmiða SP og er framhald af núverandi starfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um að framfylgja markmiðunum um samtal unga fólksins og að efla borgaravitund norrænna ungmenna.

VERKEFNIÐ Á EINKUM AÐ FRAMFYLGJA HEIMSMARKMIÐUNUM





Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 København
www.norden.org

PolitikNord 2019:751
ISBN 978-92-893-6332-7 (PDF)
<http://dx.doi.org/10.6027/PN2019-751>